


Hnotasteinn er þjóðþrifamál – flokkun rammans er misráðin



⚠ Vindorkugarðurinn að Hnotasteini er meðal þeirra virkjunarkosta sem voru til umfjöllunar í 5. áfanga rammaáætlunar og var hann ranglega flokkaður í bið. **Flokkunin byggir á rökum sem standast ekki skoðun og eru þau hrakin hér að neðan.** Qair Ísland hefur gert alvarlegar athugasemdir við umfjöllunina í tveimur umsögnum í opnu umsagnarferli, sem verkefnisstjórn rammaáætlunar brást við seint og með ófullnægjandi hætti.

- [Umsögn](#) Qair í fyrri umsagnarferli
- [Umsögn](#) Qair í seinna umsagnarferli

Jákvæð áhrif Hnotasteins á efnahag og innviði samfélagsins eru ótvíræð:

- Virkjunin er í samræmi við [orkustefnu Íslands](#) og styður við orkuskipti sem mikið liggur við að ná fram sem fyrst.
- Virkjunin styður við uppbyggingu flutningskerfis raforku á NA-landi. Slík uppbygging er forsenda [hringtengingar flutningskerfisins](#), sem leiðir af sér stóraukið raforkuöryggi.
- Virkjunin leiðir af sér atvinnu- og innviðauppbyggingu í landshluta sem þarf sannarlega á því að halda.
- Virkjunin leiðir af sér [tekjur að upphæð 150 m.kr.](#) á ári beint til sveitarfélags í formi fasteignagjalda. Þá eru ótaldar aðrar óbeinar tekjur til ríkis og sveitarfélaga.

Vegna þessara jákvæðu samfélagslegu og efnahagslegu áhrifa, og í ljósi augljósra annmarka á umfjöllun verkefnisstjórnar, er því beint til hæstvirts ráðherra umhverfis, orku- og loftslagsmála, sem og til háttvitra nefndarmanna í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, að ganga gegn flokkun verkefnisstjórnar og leggja til við Alþingi að **vindorkuvirkjun að Hnotasteini verði sett í nýtingarflokk við fyrsta tækifæri.**

✗ Tengikostnaður er 10.876 m.kr. – hærri en fyrir nokkurn annan vindorkukost.

✓ Þetta er **6,2 milljarða króna ofmat**. Tengikostnaðurinn nemur um 4.600 m.kr. [skv. Landsneti](#).

✗ Áhrif á ferðaþjónustu og útivist eru mikil.

✓ Áhrif á ferðaþjónustu og útivist eru stórlega ofmetin og í engu samræmi við umhverfismatsskýrslu, enda er einblínt á neikvæða afstöðu ferðaþjónustuaðila án tillits til [viðhorfs ferðamanna](#). **Meðal fulltrúa rammaáætlunar eru eigendur ferðaþjónustufyrirtækja og yfirlýstir andstæðingar vindorku.** Þeir eru **vanhæfir** vegna persónulegra hagsmuna sinna og virðist sá **alvarlegi hagsmunaárekstur** skýra þá hlutdrægni sem setur mark sitt á umfjöllunina. Hér er um að ræða **hagsmunagæslu f.h. einnar atvinnugreinar á kostnað annarra undir merkjum rammaáætlunar.**

✗ Mikil áhrif eru á náttúruminjar, þ.e. sjófugla, fjörur, grunnsævi, jarðminjar og vatnafar.

✓ Niðurstöður fuglarannsóknna leiða í ljós **minniháttar eða óveruleg áhrif** á þær fuglategundir sem vísað er til í röksemdafærslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Þá lágu **úreld gögn** til grundvallar mati á áhrifum á jarðminjar og vatnafar. Framkvæmdarsvæðið er **utan fjarsvæðis næsta vatnsbóls** og niðurstaða umhverfismatsskýrslu að **óveruleg áhrif verði á vatnafar**. Loks eru framlagðar **mótvægisaðgerðir vísitandi hunsaðar** þrátt fyrir að þær séu viðurkenndar á alþjóðavettvangi, s.s. af [SB](#) og [ESB](#), sem aðferð við að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmda.

✗ Óvissa ríkir um ýmsa þætti virkjunarkostsins

✓ Í samanburði við aðra vindorkukosti **ríkir hvað minnst óvissa um Hnotastein**, enda hefur virkjunarkosturinn verið í þróun í fimm ár og er umhverfismat hans vel á veg komið. Fullyrðing verkefnisstjórnar um óvissu **gengur gegn niðurstöðum faghópa rammaáætlunar og er sett fram án nokkurs rökstuðnings.**